

SIÐAREGLUR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Siðareglur Listaháskóla Íslands eru ætlaðar nemendum og starfsfólki. Þær eru ekki tæmandi lýsing á góðum starfsháttum en lýsa andanum sem fylgt er.

Siðareglurnar eru viðmið og leiðarljós í allri starfsemi.

Ábendingar um brot á siðareglum skal beina til formanns siðanefndar LHÍ.

1. SAMSKIPTI, SAMFÉLAG OG UMHVERFI

1.1 Í Listaháskóla Íslands ríkir jafnræði og virðing í öllum samskiptum. Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki umborið undir neinum kringumstæðum.

1.2

Starfsfólk gerir sér ljósa stöðu sína í samskiptum við nemendur og gætir þess að misnota hana ekki.

1.3

Mannréttindi eru í hávegum höfð og fólki er ekki mismunað vegna þátta sem greina það að.

1.4

Tjáningarfrelsi er virt í samfélagi Listaháskóla Íslands og skoðanaskiptum hagað á faglegan, málefnalegan og ábyrgan hátt.

1.5

Fyrirgreiðsla vegna persónulegra tengsla er ekki veitt, upplýsa skal um hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á ákvarðanatöku á vettvangi skólans.

1.6

Trúnaður er haldinn um málefni og persónuleg gögn nemenda og starfsfólks.

1.7

Huglæg og hlutlæg verðmæti skólans skal umgangast af ábyrgð og virðingu.

1.8

Starfsfólk og nemendur leggja metnað sinn í vönduð vinnubrögð.

1.9

Starfsfólk og nemendur bera virðingu fyrir vinnu og tíma hvert annars.

1.10

Starfsfólk og nemendur sýna ábyrgð gagnvart samfélagi, umhverfi og náttúru í kennslu, rannsóknum og listsköpun.

1.11

Framkoma og skoðanaskipti starfsfólks og nemenda skólans á opinberum vettvangi eru fagleg, málefnaleg og ábyrg.

2. SKÖPUN, KENNSLA OG RANNSÓKNIR

2.1

Í Listaháskóla Íslands ríkir akademískt frelsi. Virðing er borin fyrir breidd í listsköpun, fræðastörfum, rannsóknum og kennslu.

2.2

Leitast er við að varðveita og efla þekkingu og faglega hæfni með góða starfshætti og samfélagslegan hag að leiðarljósi.

2.3

Kennarar skólans leitast við að skapa nemendum sínum frjótt og hvetjandi námsumhverfi sem byggist á trausti og virðingu.

2.4

Nemendur skólans bera ábyrgð á námi sínu og eru heiðarlegir og tillitssamir í samskiptum.

2.5

Starfsfólk og nemendur virða rétt þeirra sem taka þátt í rannsóknum og verkefnum á vegum skólans. Gegnsæi og upplýst samþykki þátttakenda skal ætíð liggja fyrir. Lögum og reglum um meðferð persónuupplýsinga skal ætíð fylgt*.

2.6

Ávallt skal gera grein fyrir siðferðilegum álitamálum, t.d. er varða siðferðilega breytni gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi, í tengslum við rannsóknir og verkefni á vegum skólans.

2.7

Starfsfólk og nemendur inna rannsóknir sínar af hendi af fyllstu heilindum, nákvæmni og fagmennsku. Fylgja skal viðmiðum Rannís um vandaða starfshætti og siðferði í vísindum og rannsóknum**.

2.8

Í öllu starfi er höfundaréttur virtur og vísað er til heimilda og samstarfs af samviskusemi og heiðarleika.

Viðurlög

Viðurlög við brotum á siðareglum kunna að vera:

- Áminning
- Tímabundin brottvikning verði ekki brugðist við áminningu
- Varanleg brottvikning verði ekki brugðist við áminningu
- Fyrirvaralaus tímabundin eða varanleg brottvikning.

Viðbrögð við brotum á siðareglum LHÍ eru ákveðin af rektor og stjórnanda viðkomandi deildar/sviðs sem heimild hafa til að veita nemanda/starfsmanni áminningu eða víkja úr námi eða starfi.

Samþykkt af stjórn þann 4. desember 2018

* Lög nr. 90 27. júní 2018

** <https://www.rannis.is/media/sidareglur/Vidmid-um-vandada-starfshaetti-og-sidferdi-i-visindum-og-rannsoknum.pdf>